

Alþingi
Erindi nr. P / 38 / 2010
komudagur 16. 8. 2010



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13.08.2010
Tilv. 019/2010 - 0.02.01
JPH

Efni: Umsögn Lýðheilsustöðvar um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (sameining ráðuneyta), 658. mál

Sérfæðingar Lýðheilsustöðvar hafa lagt mat á efni ofnagreiðs frumvarps og fer álit þeirra hér á eftir:

Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Markmið með frumvarpinu er að endurskipuleggja ráðuneyti í því skyni að gera þjónustu hins opinbera við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Verði frumvarðið að lögum fækkar ráðuneytum úr 12 í 9.

Innanríkisráðuneyti verður til við sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, *velferðarráðuneyti* við sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis og *atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti* við sameiningu iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Einnig er lagt til að heiti umhverfissráðuneytis verði breytt í *umhverfis- og auðlindaráðuneyti*.

Það er mat Lýðheilsustöðvar að sameining ráðuneyta geti m.a. auðveldað samþættingu ýmissar þjónustu bætt yfirsýn og komið í veg fyrir óskýra verkaskiptingu og tvíverknað. Sem dæmi má nefna að við sameiningu heilbrigðisráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis í velferðarráðuneyti næst betri yfirsýn og samfella í þjónustu. Þetta væri því til þess fallið að bæta þjónustu á þessum sviðum m.a. myndu aldraðir, fatlaðir og langveikir, bæði fullorðnir og börn, væntanlega njóta góðs af. Mikilvægt er hinsvegar að slík breyting kæmi að afloknum flutningi á málefnum aldraðra og fatlaðra til sveitarfélaga m.a. til að slíkt ráðuneyti yrði ekki risi í íslenskri stjórnsýslu.

Eins er vert að benda á að ýmis verkefni sem eru á framfæri ríkisins snerta þætti sem koma að verksviði margra ráðuneyta. Því er ákjósanlegt að samfara sameiningu ráðuneyta sé leitað leiða til að auðvelda samstarf vegna málefna sem snerta fleira en eitt ráðuneyti. Sem dæmi um það má nefna lýðheilsu. Lýðheilsa snertir verksvið margra ráðuneyta í dag. Fyrir utan heilbrigðisráðuneytið þá eru augljós tengsl við verksvið félagsmálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, umhverfissráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, fjármálaráðuneytið og hugsanlega fleiri ráðuneyta eftir því hversu grant er leitað.

Eins er lagt til að við breytingar á íslensku stjórnkerfi verði skoðað hvort taka skuli upp heilsufarsmat (Health Impact Assessment) sem er sambland af aðferðum og tækjum þar sem

stefna, aðgerða eða verkefni er metið útfrá þeim mögulegu áhrifum sem það hefur á heilsu þjóða og hvernig þau áhrif dreifast innan þjóðarinnar.

1) Tengsl við félagsmálaráðuneytið má sjá í röksemdum við sameiningu heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis. Tengsl við mennta- og menningarmálaráðuneytið felst í því forvarnastarfi sem unnið er í öllum skólastigum, tengsl við dómsmálaráðuneyti felast m.a. í forvarnastarfi lögreglu, tengsl við ráðuneyti sveitarstjórna felst í viðamikilli vinnu Lýðheilsustöðvar við sveitarfélög í landinu. Tengsl við fjármálaráðuneytið eru mörg, m.a. felast þau í að áfengismál eru á verksviði fjármálaráðuneytis. og hugsanlega fleiri ráðuneyta eftir því hversu grant er leitað.

Virðingarfyllst,



Margrét Björnsdóttir
forstjóri